

REGLUR

um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

1. gr.

Réttur til garðsláttar.

Rétt til garðsláttar eiga:

Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, sem hafa fasta búsetu í eigninni og geta ekki hirt lóðir sínar hjálparlaust.

Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.

Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta annast slátt.

2. gr.

Umsóknir og umsjón.

Umsóknir um garðslátt skulu berast á miðstöðvar öldrunarþjónustu á eyðublöðum sem þar fást eða rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins.

Miðstöð öldrunarþjónustu ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag og framkvæmd þjónustunnar er á höndum verkstjóra í þjónustumiðstöð.

3. gr.

Fjöldi slátta og stærð lóða.

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, tímabilið júní – ágúst ár hvert. Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðarmarka eru slegnar og gras hirt og fjarlægt. Ekki er boðið upp á áburðargjöf, beðahreinsun eða önnur garðyrkjustörf.

Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús.

4. gr.

Gjaldskrá.

Gjald fyrir garðslátt miðast við gjaldskrá Sveitarfélagsins Stykkishólms hverju sinni og er innheimt í lok sumars. Gjald tekur breytingum ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Gjaldið er:

Lítill garður (allt að 250 m²) kr. 8.060 m. vsk.

Meðalstór garður (allt að 450 m²) kr. 10.540 m. vsk.

Stór garður (allt að 650 m²) kr. 12.400 m. vsk.

Stærri lóðir (650 m² eða stærri) kr. 12.400 m. vsk. pr. byrjuð klst.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Samþykkt á 43. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms 11. desember 2025. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 16. desember 2025.

Jakob Björgvin Sigríðarsson Jakobsson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 5. mars 2026